



# Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar 1907-1927, seinni hluti

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Þjóðvinafélagið – Þorvaldur Guðmundsson –  
Sjálfstæðisbaráttan – Alþingi – Landsreikningur

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360

Benediktarskjöl

Askja 5-11, Örk 2

# Athugasemdir

yfirskoðunarmanna alþingis

við

landsreikninginn fyrir árið 1917.

## Tekjubálkurinn.

# Tekjubálkurinn.

## 2. gr. 13. Annað aðflutningsgjald.

Eftirstöðvar frá fyrra ári úr Vestmannaeyja-sýslu telur LR. 383,42 kr. Hví hefir betta fje eigi verið heimt inn?

## 2. gr. 14. Pósttekjur.

Hefir póstsjóður engar tekjur af kaupum og sölum á erlendri myrt?

3

## 2. gr. 15. Símatekjur.

LR. telur simatekjur greiddar í landssjóð þannig:

23/6 1917 . . . . kr. 85,000.00

$\frac{18}{10}$  = 135,000.00

<sup>19</sup>/<sub>2</sub> 1918 . . . = 150,000.00

Eins og þetta yfirlit ber með sjer hafa simatekjur greiðt tregt í landssjóð og virðist sem stórar fíðræðir hefi lögnum legið hjá landssamtíðum.

Í árslok 1917 standa þessar fiárhæðir eftir hið landsmastjóra:

Fyrstok 1917 slanda þessar fjarhæðir eftir hjá landsimastjóra:  
1. Ógreitt af simatækjum. hz. 38 262 60

1. Ogrett af simatekjum . . . . . kr. 38,363,60  
2. Haldið eftir af hraðarsíma Reykjavíkur 12,020,80

|  |             |
|--|-------------|
| 2. Haldio eftir af bæjarsíma Reykjavíkur . . . . | — 12,039,80 |
| 3. Af ritstímaláni (sbr. 13. gr. B. IV.)         | 29,423,00   |

— 29,422,09

Samtals — 79,825,49

Samkvæmt skýrslu frá aðalskrifstofu landsimastjóra hefir landssjóður fengið í vexti á árinu af símsaflo.

frá Landsbankanum kr. 1181.34

Ira Landsbankanum . . . . kr. 1181,34  
Islandsbanka . . . . . 28,98

— Islandsbanka . . . . = 28,98

Samtals — 1210,32

Svo virðist, sem landssjóði mundi hagkvæmara að fá skjótari skil á símatekjum, einkum þar sem þær ávaxtast eigi betur en raun er á. Mundi það spara honum dýrar tántökur til daglegra þarfa.

4.

## 2. gr. 17. Óvissar tekjur.

Hjer er tilfærð „leiga af þeim helmingi Goðafoss, er tilheyrði jörðinni Rauðá í Pingeyjarsýslu, fyrir árin 1912—1917 incl. kr. 1500,00“.

Hversvegna hefir þessi leiga eigi verið heimt inn árlega? Hafði leigutaki eigi fyrirgert rjetti sínum til fossins með því að fella niður greiðsluna árum saman? Hverjir gjalddagar eru áskildir í leigusamninginum?

5.

## 2. gr. 18. Verðhækkunartollur.

Eftirstöðvar af verðhækkunartolli úr Eyjafjarðarsýslu og Akureyri telur LR. kr. 712,84. En sýlumaður og bæjarfógeti telur á reikningi sínum eftirstöðvarnar kr. 711,54, eða kr. 1,30 lægri en LR. Í hverju liggur þessi munur?

6.

## 3. gr. 1. Tekjur af fasteignum landssjóðs.

Af Gullbringu- og Kjósarsýlu-jörðum voru ógreiddar eftirstöðvar frá fyrra ári í byrjun ársins 1917 kr. 648,80, en í árslok eru eftirstöðvarnar kr. 1100,00. — Hvi eru tekjur þessar eigi heimtar inn árlega?

Eftirstöðvar þessar er leiga fyrir námuteiga í Þormóðsdal. Í ársreikningi reikningshaldara fyrir 1916 er leiga fyrir gullnámurnar í Þormóðsdal talin kr. 500,00, en nú er leigan talin kr. 600,00. Hefir árgjaldið verið hækkað? Og hvi er það þá eigi innheimt betur? Er leigutaki gjaldprota? Fyrirgerir hann ekki námurjetti sínum með því að vanrækja greiðslu á leigunni ár frá ári?

7.

## 3. gr. 1. Tekjur af fasteignum landssjóðs.

Reikningshaldari Vestmannaeyja-jarða á enn ógreiddar kr. 1416,75 frá fyrra ári. Hvi hefir þetta fje eigi verið heimt inn?

8.

## 3. gr. 1.

Reikningshaldari Bjarnanessjarða telur sig hafa sent landsfjehirði allar nettó-tekjur umboðsins, kr. 248,78. En LR. telur hann hafa greitt aðeins kr. 237,88. Samkvæmt því eru vangreiddar kr. 10,90. Hvernig stendur á þessum mismun?

9.

## 3. gr. 1.

Reikningshaldari Vaðlaumboðsjarða hefir greitt kr. 126,71 umfram það, sem vera bar, og er hærri fjárhæðin tilfærð i LR., en umframgreiðslunnar ekki getið. Umframgreiðsluna hefði átt að telja sem innieign reikningshaldara til næsta árs.

10.

## 3. gr. 2—4. Tekjur af kirkjum o. fl.

Reikningshaldari Pykkvabækarklausturskirkju telur sig hafa greitt allar nettótekjur kirkjunnar kr. 76,27, en LR. telur greiddar aðeins kr. 71,27 og því vangoldnar kr. 5,00. — Hvernig stendur á þessum mismun?

ir fjárveitingin, að ekki hefir verið ætlast til þess á þinginu 1915, að farið yrði á næsta fjárhagstimabili að leggja í kostnað við gagngerða breyting á stjórnarráðshúsini.

Að vísu hefir verið vikið á það i athugasemnum við fjárlagafrumvarpið bæði 1915 og áður, að gera þyrli áður langt um liði mikla breyting og endurbót á stjórnarráðshúsini, en þar sem stjórninni hefir ekki þótt sú breyting mega dragast lengur, þegar ráðherrum var fjölgæð, þá hefði hún átt að sækja um aukafjárveiting í þessu skyni á Alþingi 1917, en það hefir hún ógert látið.

Þar sem stjórnin hafði nú enga fjárlagaheimild í þessu efni, hefði það að sjálfsögðu átt að vera henni því meiri hvöt til þess að fara sem gætilegast með fje til þeirra breytinga, sem nauðsynlegar og óhjákvæmilegar voru talðar. En á því hefur orðið mjög tilfinnanlegur misbrestur.

Yfirskoðunarmenn hafa nokkuð kynnt sjer reikninga þá, sem lúta að kostnaðinum við fyrnefndar umbætur og mundu hafa ýmislegt við þá að athuga. En þar sem mál þetta er nú komið undir opinbera rannsókn, þá telja yfirskoðunarmenn það komið út úr sinum verkahring að fara út í einstök atriði í reikningum þessum, sem upplýst munu verða á annan hátt við fyrnefnda ransókn. — En um framkvæmd verksins í heild sinni verðum vjer að láta í ljós, að oss þykir mjög hafa brostið á viðunanlegt eftirlit af hálfu stjórnarráðsins að því er til kostnaðarins kom. Bera reikningarnir það með sjer, að smiðnum voru fengnar í hendur stórfjárhæðir til eigin ráðstöfunar, samtals yfir 30000 krónur og þykir oss furðu gegn, að stjórnin skyldi að nauðsynjalaus hafa svo laust taumhald á fjenu, þar sem henni var innan handar að hafa eftirlit með því undir handarjaðri sinum.

#### 10. gr. 1. Kostnaður við Alþingi.

Veittar kr. 75000,00; gr. kr. 169933,43. Umframgreiðsla kr. 94933,43.

Í LR. er Alþingiskostnaður talinn kr. 169931,43, en í reikningum skrifstofustjóra Alþingis er fjárhæðin 2 kr hærri. Yfirskoðunarmenn hafa farið yfir reikninga skrifstofustjóra og fylgiskjöl og telja þá fjárhæð rjetta er hann telur, enda er reikningsfærsla hans í besta lagi.

Til Alþingiskostnaðar hefir verið talinn reikningar, er nemur 116 krónum, er greiddur hefir verið fyrir matvöru (sbr. fylgiskjöl VI. Önnur útgjöld 7 í reikningum skrifstofustjóra Alþingis). Oss virðist, að upphæð þessa beri alls eigi að telja með Alþingiskostnaði, heldur ætti hún að endurgreiðast landssjóði og dragast frá Alþingiskostnaðinum. Verða þá eftir kr. 94817,43, sem leita verður aukafjárveitingar fyrir.

Yfirskoðunarmenn gerðu þá athugasemd við LR. 1915, að Alþingiskostnaður væri orðinn svo mikill, að nauðsyn bæri til að sundurliða hann betur í LR. — Ennfremur var þá vikið að því, að ýmsum liðum Alþingiskostnaðarins bæri á milli í reikningum skrifstofustjóra Alþingis og landsfjehirðis sakir þess, að þeir skiftu eigi útgjöldunum á sama hátt í liði — og var þá jafnframt látið í ljós, að aðskilegt væri, að landsfjehirðir hefði sömu skifting sem skrifstofustjóri. Þetta hefir þó eigi verið lagfært enn til hlýtar og veldur því, að mjög torvelt er að finna í hverju það liggur ef heildarupphæð í reik-

#### 12.

#### 9. gr. 5. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar.

Veittar kr. 22000,00. Greiddar kr. 40578,86. Umframgreiðsla kr. 18578,86.

#### 13.

#### 9. gr. 6. Til landsbankans fyrir landfógetastörf.

Veittar kr. 5500,00; greiddar kr. 6283,61. Umframgreiðsla kr. 783,61.

#### 14.

#### 9. gr. 7. „Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsini og ráðherrabústaðnum“.

Veittar kr. 1500,00; gr. kr. 90163,33. Umframgreiðsla kr. 88663,33.

Fyrir þessari gifurlegu umframgreiðslu er engin heimild í fjárlögum. Undanfarin ár hafa verið veittar 1500 kr. árlega til viðhalds og umbóta beggja þessara húsa og sýn.

ingum landsfjehirðis og skrifstofustjóra ber eigi saman. Mundu það því i alla staði vera hentugast og auðveldast, að hvorirtveggju sundurlíðu kostnaðinn á sama hátt, og leggjum vjer því til, að Alþingiskostnaðurinn verði greindur í höfuðliði hjá báðum sem hjer segir:

- I. Þingfararkaup alþingismanna.
- II. Goldið starfsmönnum.
- III. Útgáfukostnaður Alþingistiðinda, landsreikninga og önnur prentun.
- IV. Bókband, bækur, ritföng.
- V. Ljós, hiti, ræsting og viðhald á húsi og munum.
- VI. Önnur gjöld,

og er flokkun þessi samkvæm bókfærslu skrifstofustjóra Alþingis.

#### 16.

#### 11. gr. B. Dómgaæsla og lögreglustjórni.

|       |                      |                  |                   |
|-------|----------------------|------------------|-------------------|
| 2. c. | Veittar kr. 3500,00; | gr. kr. 6163,25. | Umframgr. 2663,25 |
| d.    | — — 1000,00;         | — — 1683,94.     | — 683,94          |
| e.    | — — 800,00;          | — — 2066,10.     | — 1266,10         |
| f.    | — — 800,00;          | — — 2202,25.     | — 1402,25         |
| 3. a. | — — 6000,00;         | — — 11783,73.    | — 5783,74         |
| b.    | — — 8000,00;         | — — 65511,40.    | — 57511,40        |
| 4.    | — — 4000,00;         | — — 5037,62.     | — 1037,62         |

Hæsta umframgreiðslan, töluliður 3 a., er fyrir simskeyti og símtöl embættismana. Alls gengur til þessa símkostnaðar kr. 65511,40, eða kr. 57511,40 fram yfir fjárveiting. — Þessa miklu umframgreiðslu sjáum vjer í sjálfa sjer ekki ástæðu til að vita, því að það er satt, að fje þetta fer úr einum vasa landssjóðs í annan og kemur honum til ágoða í símatekjum, en þessi mikla notkun símans hlýtur á hinn bógina að flýta mjög afgreiðlu margra erinda og kemur því í góðar þarfir.

En á það viljum vjer benda, að sjálfsagt virðist að hækka þenna fjárveitingalið stórum í fjárlögum eftirleiðis, eða í þá átt, sem reynslan sýnir, að nærrí muni láta þörfunum. — Jafnframt verður að gæta þess, að árlegar símatekjur eru ekki svo notadrjúgar landssjóði, sem í fljótu bragði virðist, þegar um *13 af hundraði* allra teknanna eru komnar úr landssjóði sjálftum, á þessum eina gjaldalið, eins og nú á sjer stað.

Yfir höfuð virðist oss það brenna ofmjög við, að landsstjórn (og Alþingi) kosti kapps um að gera fjárlög þannig úr garði, að gjaldaliðirnir sje sem lægstir á *pappírnum*, þótt þráreynt sje, að ekki verður komist af með það fje, sem veitt er til einstakra sýslana og greiðslurnar fari ávalt mjög fram úr fjárveiting.

#### 17.

#### 12. gr. Útgjöld við laeknaskipunina.

10. Holdsveikraspítalinn. Veittar kr. 37521,40; gr. 91532,16. Umframgr. kr. 51310,76. Föst laun spítalalæknis eru í fjárlögunum talin með launum annara lækna undir tölul. 1 (12. gr.), en í LR. eru þau talin með því fje, sem varið er til spítalans,

sem í sjálfa sjer er rjettara. En þar sem laun þessi, 2700 kr., eru þegar veitt í fjárlögum, þá drögum vjer fjárhæð þessa frá umframgreiðsluuni til spítalans samkv. LR. og verða þá eftir þessar 51310,76 kr., sem leita þarf aukafjárveitingar fyrir.

11. Geðveikrahælið á Kleppi. Veittar kr. 25856,50; greiddar kr. 64005,87. Umframgr. kr. 38149,37.
13. Heilsuhælið á Vifilstöðum. Veittar kr. 35000,00; gr. kr. 59325,94. Umframgr. kr. 24325,94.
15. h. Veittar kr. 1000,00; gr. kr. 1150,00. Umframgr. kr. 150,00.

#### 18.

#### 13. gr. A. Til samgöngumála. Póstmál.

2. Veittar kr. 68000,00; gr. kr. 78098,19. Umframgr. 10098,19.
3. a — — 9500,00; — — 15590,90. — 6090,90.
- d — — 9000,00; — — 15956,81. — 6956,81.

#### 19.

#### 13. gr. B. Vegamál.

Fjárhæðum á einstökum töluliðum vegareikninganna ber oft eigi saman í LR. og í reikningum vegamálastjóra. Því setjum vjer hjer skrá yfir liði þessa: fyrst fjárveiting síðan „reikning“ eða greiðslu samkvæmt LR. og umframgreiðslu samkvæmt honum og síðan greiðslu samkvæmt reikningum vegamálastjóra:

|  | Fjárveiting | "Reikningur" samkv. LR. | Umframgr. samkv. LR. | Greiðsla skv. reikn. vega málastj. |
|--|-------------|-------------------------|----------------------|------------------------------------|
| I. Stjórn og undirbuningur vegagerða:      |             |                         |                      |                                    |
| 1. Verkfræðingur landsins. a, laun         | 3600,00     | 3600,00                 |                      |                                    |
| b. Persónul. launaviðbót . . . . .         | 400,00      | 33,33                   |                      |                                    |
| c. Ferðakostn. og fæðispendingar           | 500,00      | 500,00                  |                      | 1117,98                            |
| 2. Til verkfróðrar aðst. og mælinga        | 4300,00     | 3725,00                 |                      | 5172,83                            |
| 3. Skrifstofukostnaður . . . . .           | 700,00      | 700,00                  |                      | 1780,44                            |
| 4. Til eftirlits með vegaviðhaldi . .      | 200,00      |                         |                      | 200,00                             |
| II. Flutningabrautir:                      |             |                         |                      |                                    |
| 2. Húnvetningabraut . . . . .              | 15000,00    | 13000,00                |                      | 9276,43                            |
| 3. Skagfirðingabraut . . . . .             | 10000,00    |                         |                      | 6716,39                            |
| 4. Eyjafjarðarbraut Aths. 1. . . . .       | 2000,00     | 1848,24                 |                      | 3479,20                            |
| 6. Grímsnessbraut . . . . .                | 15000,00    | 15177,54                | 177,54               | 15177,54                           |
| 7. Viðhald flutningabrauta . . . . .       | 11000,00    | 14937,95                | 3937,95              | 14937,95                           |
| III. Þjóðvegir:                            |             |                         |                      |                                    |
| 1. Stykkishólmsvegur . . . . .             | 4000,00     | 4000,00                 |                      | 4554,36                            |
| 2. Milli Hvitár og Örnólfssdalsá . .       |             | 1500,00                 | 1500,00              | 1762,90                            |
| 3. Frá Gljúfrá upp Norðurárdal . .         | 10000,00    | 9222,95                 |                      | 9222,95                            |
| 4. Langadalsvegur. Aths. 2. . . . .        | 3500,00     | 3500,00                 |                      | 4735,96                            |
| 5. Öxnadalsvegur . . . . .                 | 3000,00     | 2985,08                 |                      | 2985,08                            |
| 7. Brú á Bleikdalsá . . . . .              | 3900,00     |                         |                      |                                    |
| 8. Hróarstunguvegur. . . . .               | 7000,00     | 8000,00                 | 1000,00              | 9836,39                            |
| 9. Aðrar vegabætur og viðhald . .          | 16000,00    | 19500,00                | 3500,00              | 21538,7                            |
| IV. Fjallvegir . . . . .                   |             | 4000,00                 | 5499,36              | 1499,36                            |
| V. Ahöld. Aths. 3. . . . .                 |             | 2000,00                 | 67038,52             | 65038,52                           |
| VI. Til akferra sýsluvega . . . . .        | 18000,00    | 19383,98                | 1383,98              |                                    |
| VII. Til brúará Austur-Hjeraðsv. Aths. 4.  |             |                         | 7500,00              | 7500,00                            |
| XI. Til dragferju á Hjeraðsvötnum . .      | 300,00      | 300,00                  |                      |                                    |
| XII. Til dragferju á Lagarfljóti . . . .   | 300,00      | 300,00                  |                      |                                    |
| XIII. Til dragferju á Skjálfandafljóti . . | 800,00      |                         |                      |                                    |
| Brú á Ytri-Rangá   Aths. 5.                |             |                         |                      | 1329,43                            |
| Reykjadalsbraut } Aths. 5.                 |             |                         |                      | 7029,25                            |

Aths. 1. Vegamálastjóri telur allan kostnað við Eyjafjarðarbraut greiddan samkvæmt *Fjáraukalögum* 1916—1917, 3. gr. 2. (LR. 22 B.) og telur þær hafa verið greiddar 2000 kr. upp í kostnaðinn, er hann telur alls kr. 3479,20. En LR. telur greiddar kr. 1848,24 til brautarinnar, samkv. fjárveiting á 13. gr. B i *fjárlögum*. — Ef talið er, eins og LR. gerir, að kr. 1848,24 sje greiddar samkvæmt fjárlögum 13. gr. B. II. 4, þá hefir afgangurinn, kr. 1630,96, verið greiddur samkvæmt fjáraukalögnum 1916—17, 3. gr. 2.

Aths. 2. Fjárveitingin er samkv. þingsályktun og talin í LR. í 22. gr. D. 3.

Aths. 3. Liður þessi fer gifurlega fram úr fjárveiting og liggja til þess ýmsar ástæður, þar á meðal mikil verksærakaup vegna dýrtíðarvinnu. Vegamálastjóri gerir fullnægjandi grein fyrir kr. 33629,06, og hefir hann varið því sem hjer segir:

|                        |              |              |  |
|------------------------|--------------|--------------|--|
| Greiðdar innanlands    | kr. 18476,48 |              |  |
| — erlendis             | — 924,75     | kr. 19401,23 |  |
| Endurgreiddar landssj. |              | — 14227,83   |  |
|                        |              | — 33629,06   |  |

LR. telur greiddar erlendis, af þessum lið, kr. 22005,36, en þar frá dragast þær kr. 924,75, er vegamálastjóri hefir greitt erlendis, og verða þá eftir — 21080,61. Fyrir mulningsvél hafa verið greiddar — 12500,00. Samtals — 67209,67. Frá þessari fjárhæð dragast kr. 171,15, sem vegamála — 171,15 stjóri kveðst hafa veitt móttöku af fyrirrennara sínum Jóni Þorlákssyni — 67038,52 og kemur þá fram sú tala, er LR. tilgreinir.

En þar sem nú vantar greinagerð fyrir mestöllu því fje, (kr. 21080,61), sem greitt hefir verið erlendis fyrir sprengiefni, áhöld o. fl., þá æskja yfirskoðunarmenn nákvæmrar greinagerðar um það, hversu þessu fje hefir verið varið.

Þess skal getið, að allur liðurinn til áhaldakupa hefði átt að teljast 4000 kr. lægri en LR. telur, því að sú fjárhæð var endurgreidd *áður* en reikningslok voru gerð. Þetta veldur þó eigi skekkju í LR. í heild sinni því að fjárhæðin er talin þar til tekna á öðrum stað, sjá aths. 2 d. bls. 74.

Aths. 4. Vegamálastjóra hefir verið greitt til brúar á Austur-Hjeraðsvötn kr. 7500, en að þeiri brúargerð hefir hann ekki látið vinna, heldur notað mikinn hluta af fjenu til Skagfirðingabrautar, en endurgreitt landssjöldi afganginn, þótt það komi eigi fram í LR. 1917, sakir þess, að sú endurgreiðsla vegamálastjóra hefir farið svo seint fram, eins og margar aðrar endurgreiðslur hans, að landsreikningi hefir verið lokið *áður*.

Aths. 5. LR. telur í 22. gr. greiddar til afhendingar vega samkv. fjáraukalögum 3. gr. 2., kr. 9797,13. Þessi fjárhæð er eigi sundurliðuð þar, en eftir því, sem næst verður komist af reikningum vegamálastjóra, þá hefir fje þessu verið varið þannig:

|   |             |
|---|-------------|
| 1. Til Eyjafjarðarbrautar, sbr. aths. að ofan | kr. 1630,96 |
| 2. Brú á Ytri-Rangá                           | — 1329,43   |
| 3. Reykjadalbraut                             | — 7029,25   |
| Samtals                                       | — 9989,64   |

Verða þá kr. 192,51 umfram það, sem LR. telur. Í hverju felst þessi mismunur?

Á reikningunum yfir fjallvegi telur Fjármálabók stjórnarráðsins ávisað vegamálastjóra til Öxarfjarðarheiðar kr. 201,50 en vegamálastjóri telur sjer ávisað kr. 253,50. Ennfremur telur fjármálabók ávisað til sýslumanns Eyjafjarðarsýslu kr. 499,05, en vegamálastjóri telur sjer ávisað til vegar á „Reykjarheiði“ (auðsjáanlega til sama verks) kr. 499,95, og munar því á þessum tveimur liðum kr. 52,90, sem vegamálastjóri telur sjer ávisað hærra, en LR telur. — Hvernig stendur á þessum mismun?

LR. telur í 16. gr. 33: Til þess að ryðja vör við Ingólfshöfða og leggja veg að henni varið kr. 4000,00, en vegamálastjóri telur varið kr. 4614,46, og kemur það fram hjer sem oftar, að af LR. sjest ei hinn sanni kostnaður við framkvæmd verksins.

Eins og skrá sú ber ljóslega með sjer, er vjer höfum tekið upp í 19. athugasind vorri hjer að framan, ber reikningum vegamálastjóra og LR. svo mjög og margvislega á milli um einstaka liði, að það má nær undantekning heita, að báðir telji sama kostnaðarlið jafnháan. Er það því auðsætt, hve litið er að marka einstaka töluliði í LR og hversu óábyggilegt það er, sem hann segir um kostnað við einstök mannvirki o. s. frv. Er þar ýmist of eða van, en þó í einstaka skifti eins og hjá vegamálastjóra. Misfellur þessar stafa af því, að vegamálareikningar hafa verið ashentir *mjög seint* í stjórnarráðið, og ekki fyr en landsfjehirðir hefir gengið frá skilagrein sinni. Auk þess eru reikningar vegamálastjóra enn *óendurskoðaðir* af umboðsvaldinu og verður ekki sjeð, að neitt hafi verið farið eftir þeim við samning LR.

Pessa tilhögnum alla verðum vjer að átelja og gera þá kröfu, að stjórnarráðið heimi reikningana nægilega snemma til þess að hægt sje að endurskoða þá í tima og gera landsreikninginn *rjettan* samkvæmt þeim, að því leyti, sem þeir reynast rjettir, svo að als ekki komi fyrir, að flestallir liðirnir sje í ósamræmi við veruleikann og meiri eða minni markleysa, eins og nú á sjer stað.

Enginn aðalreikningur fylgir reikningum vegamálastjóra sem þó væri æskilegt. Reikningum vegamálastjóra og LR ber margt á milli og verður ennþá torveldara að finna, hvernig einstökum atriðum er varið, sem ekki ber saman í reikningum þessum, auk þess sem reikningsskilin í heild sinni eru miklu óljósari en ella.

Vjer viljum því leggja til, að stjórnarráðið fái árlega einn aðalreikning frá hendi vegamálastjóra, á sama hátt sem vitamálastjóri hefslr gert. Vitamálareikningarnir eru aðgengilegir og í besta lagi.

### 13. gr. C. Til samgöngumála á sjó.

I. Til strandferða. Veittar kr. 75000,00; gr. kr. 92231,80. Umframgr. 17231,80.

- III. 1. Til Faxaflóabáts. Veittar kr. 12000,00; gr. kr. 14000. Umframgr. kr. 2000,00.  
Hvers vegna er hjer farið fram úr fjárveiting?  
III. 3. Til bátaferða á Ísafj.-djúpi. Veittar kr. 5000,00; gr. kr. 9802,00. Umframgr. kr. 4802,00.  
Hvers vegna er hjer farið fram úr fjárveiting?  
III. 5. a. Til bátaferða milli Vestmannaeyja, Víkur og Stokkseyrar. Veittar kr. 5000,00; gr. kr. 5999,93. — Hvers vegna er hjer farið fram úr fjárveiting?

### 13. gr. D. Hraðskeyta- og talsímasamband.

|  | Veittar<br>kr. | Greiddar<br>kr. | Umframgr.<br>kr. |
|--|----------------|-----------------|------------------|
| II. Til rannsóknar símleiða . . . . .      | 7500,00        | 15013,28        | 7513,28          |
| IV. 3. Aðstoð og annar kostnaður . . . . . | 2000,00        | 4000,61         | 2000,61          |
| 4. Ritsimastöðin í Reykjavík . . . . .     | 21820,00       | 35500,88        | 13680,88         |
| 5. — á Akureyri . . . . .                  | 8400,00        | 11494,13        | 3094,13          |
| 6. — á Seyðisfirði . . . . .               | 11590,00       | 13145,52        | 1555,52          |
| 7. — á Ísafirði . . . . .                  | 5660,00        | 8656,32         | 2998,32          |
| 8. Simastöðin á Borðeyri . . . . .         | 3820,00        | 4519,91         | 699,91           |
| 9. — í Hafnarfirði . . . . .               | 1500,00        | 1883,52         | 383,52           |
| 10. — i Vestmannaeyjum . . . . .           | 2600,00        | 3097,64         | 497,64           |
| 11. Útgjöld við eftirlitsstöðvar . . . . . | 6500,00        | 13702,55        | 7202,55          |
| V. Eyðublöð, prentkostnaður o. fl. . . . . | 5000,00        | 21226,32        | 16226,32         |
| VI. Viðbót og viðhald stöðvanna . . . . .  | 1500,00        | 7684,22         | 6184,22          |
| VII. Kostnaður við ferðalög . . . . .      | 2000,00        | 5883,92         | 3883,92          |
| VIII. Viðhald landsímannna . . . . .       | 15000,00       | 51180,52        | 36180,52         |

### 13. gr. D. Útgjöld við bæjarsíma Reykjavíkur.

Í fjárlögunum er engin fjárveiting til bæjarsíma Reykjavíkur, en þar sem yfirskoðunarmenn lita svo á, að eigi beri að halda reikning bæjarsíma Reykjavíkur utan fjárlaga, skal leitað aukafjárveitingar fyrir kr. 59299,22, er talið er að eytt sje til bæjarsímans á árinu. Leggjum vjer til, að hætt verði að halda reikningi bæjarsíma Reykjavíkur utan annara reikninga símans.

### 13. gr. E. Vitamál.

|                                     | Veittar<br>kr. | Greiddar<br>kr. | Umframgr.<br>kr. |
|-------------------------------------|----------------|-----------------|------------------|
| I. c. Til skrifstofuhalds . . . . . | 500,00         | 984,93          | 484,93           |

|      |  |          |          |         |
|------|--|----------|----------|---------|
|      | d. Ferðakostnaður og fæðispeningar . . . . .                                 | 1000,00  | 1714,85  | 714,85  |
| II.  | Rekstrar-kostnaður vita:   |          |          |         |
| 1.   | b. Svartalofta og Öndverðaness-vitar . . . . .                               | 500,00   | 1370,29  | 870,29  |
| 2.   | b. Elliðaeyjarviti . . . . .   | 400,00   | 1201,39  | 801,39  |
| 4.   | b. Arnarnessviti . . . . .   | 400,00   | 610,78   | 210,78  |
| 6.   | b. Grimseyjar og Malarhornsvitar . . . . .                                   | 500,00   | 870,94   | 370,94  |
| 7.   | b. Hólmavíkurviti . . . . .  | 150,00   | 412,00   | 262,00  |
| 8.   | b. Kálfshamarsviti . . . . .   | 200,00   | 386,20   | 186,20  |
| 9.   | b. Skagatáarviti . . . . .   | 400,00   | 598,58   | 198,58  |
| 10.  | b. Sigrunes-viti . . . . .   | 500,00   | 1659,46  | 1159,46 |
| 11.  | b. Flateyjarviti . . . . .   | 400,00   | 483,58   | 83,58   |
| 12.  | b. Rifstangaviti . . . . .   | 300,00   | 767,93   | 467,93  |
| 13.  | b. Langaness-viti . . . . .  | 200,00   | 513,30   | 313,30  |
| 14.  | b. Dalatangaviti . . . . .   | 600,00   | 2212,15  | 1612,15 |
| 15.  | b. Vattarness-viti . . . . .   | 200,00   | 270,80   | 70,80   |
| 16.  | b. Ingólfshöfðaviti . . . . .  | 400,00   | 1804,47  | 1404,47 |
| 17.  | b. Dyrhólaviti . . . . .   | 400,00   | 758,23   | 358,23  |
| 18.  | b. Vestmannaeyja-viti . . . . .  | 500,00   | 2246,35  | 1746,35 |
| 19.  | b. Reykjaness-viti . . . . .   | 1600,00  | 2790,70  | 1190,70 |
| 20.  | b. Garðskaga-viti . . . . .  | 750,00   | 1658,60  | 908,60  |
| 21.  | b. Gróttuviti . . . . .  | 450,00   | 1471,43  | 1021,43 |
| III. | Smiði nýrra vita o. fl.:   |          |          |         |
| a.   | Straumness-viti . . . . .  | 16300,00 | 17529,17 | 1229,17 |
| b.   | Malarifs-viti . . . . .  |          | 6713,33  | 6713,33 |
| c.   | Bjarnareyjarviti . . . . .   |          | 735,05   | 735,05  |
| f.   | Pokulúður á Dalatanga (veitt í fjáraukalögum<br>1916—17: 7000 kr.) . . . . . | 19838,81 | 12838,81 |         |
|      | Til reksturs stöðvarinnar . . . . .  |          | 4289,36  | 4289,36 |
| IV.  | Sjómerki . . . . .   | 2000,00  | 2841,15  | 841,15  |
| V.   | Ýmislegt . . . . .   | 2000,00  | 10439,16 | 8439,16 |

27.

## 14. gr. B. Kenslumál.

|      |  | Veittar<br>kr. | Greiddar<br>kr. | Umframgr.<br>kr. |
|------|--|----------------|-----------------|------------------|
| I.   | c. 3. Utanfararstyrkur læknaefna . . . . .   | 300,00         | 450,00          | 150,00           |
| g.   | Til starfrækslu Röntgens-áhalda . . . . .  | 1600,00        | 3863,27         | 2263,27          |
| h.   | Eldiviður, ljós og ræsting . . . . .   | 1300,00        | 5139,16         | 3839,16          |
| i.   | 3. Ýmisleg útgjöld . . . . .   | 1500,00        | 2160,26         | 660,26           |
| II.  | d. 2. Mentaskólinn. Til eldiviðar, ljósa og vatns<br>5. Til timakenslu og prófdómenda . . . . .    | 1700,00        | 8932,05         | 7232,05          |
| III. | b. 4. Gagnfr. skóli á Akureyri. Til eldiv. og ljósa<br>7. Til skólahússins utan og innan . . . . . | 1200,00        | 2545,84         | 1345,84          |
|      |  | 1000,00        | 1604,41         | 604,41           |

|  |   |         |          |          |
|--|---|---------|----------|----------|
| 8.   | Til ýmislegra útgjalda . . . . .  | 800,00  | 866,81   | 66,81    |
| IV.  | b. 3. Kennaraskólinn. Eldiviður og ljós . . . . .   | 1200,00 | 1650,00  | 450,00   |
| 7.   | Ýmisleg útgjöld . . . . .   | 1300,00 | 1400,00  | 100,00   |
| V.   | b. 1. Stýrimannaskólinn. Til timakenslu . . . . .   | 2000,00 | 2476,80  | 476,80   |
| 4.   | Til eldiviðar og ljósa . . . . .  | 600,00  | 6479,29  | 5879,29  |
| 5.   | Ýmisleg útgjöld . . . . .   | 800,00  | 1363,07  | 563,07   |
| VI.  | 1. d. 3. Hólkaskóli. Til eldiviðar og ljósa . . . . .<br>(Hjer virðast ofgreiddir 10 aurar, sbr. LSR.)                | 1000,00 | 3205,84  | 2205,84  |
| 2. d. 3. Hvanneyrarskóli. Til eldiviðar og ljósa | 1000,00   | 4000,00 | 3000,00  |          |
| X.   | 3. Styrkur til yfirsetunámskvenna . . . . .   | 2000,00 | 5320,00  | 3320,00  |
| 4.   | Húsaleiga, hiti, ljós, ræsting . . . . .  | 300,00  | 435,00   | 135,00   |
| XII.   | 2. b. Til að reisa barnaskóla utan kaupstaða<br>Upplýsinga er óskað um, hvernig stendur á<br>þessari síðstu greiðslu. |         | 13379,87 | 13379,87 |
| XV.  | Til kenslu heyrnar- og málleysingja . . . . .   | 7000,00 | 12123,62 | 5123,62  |

28.

Það kemur þráfaldlega fyrir og má jafnvel heita aðalregla, þegar um kostnað skóla eða annara stofnana er að ræða, að LR. skiftir kostnaðinum í liði á þann hátt, að margir eða flestir liðirnir eru látnir standa heima við fjárveitingarliði fjárlaganna, en mismunurinn, sem er á fjárveitingunni í heild síðni og því fje, sem varið hefir verið alls til stofnunarinnar, er láttinn koma fram á einum (eða fleirum) lið(um) alveg af handahófi. Pessu til dæmis og skýringar viljum vjer bera saman kostnað við Kennaraskólann árið 1917 eftir því sem talið er í LR. og í reikningi reikningshaldara skólans, að því leyti, sem á milli ber.

|    | Landsreikningur telur<br>veitt        | Reikningshaldari telur<br>greitt |
|----|---------------------------------------|----------------------------------|
| 1. | Til timakenslu . . . . . kr. 1200,00  | kr. 1200,00 kr. 1267,20          |
| 3. | Eldiviður og ljós . . . . . — 1200,00 | — 1650,00 — 1953,10              |
| 4. | Bókakaup og áhöld . . . . . — 300,00  | — 300,00 — 43,60                 |
| 6. | Til viðhalds . . . . . — 300,00       | — 300,00 — 313,60                |
| 7. | Ýmisleg útgjöld . . . . . — 1300,00   | — 1400,00 — 1239,02              |

Hjer má sjá, að LR. telur sumstaðar enga umframgreiðslu, þar sem hún á sjer þó stað, (tölul. 1. og 6.), eða hann telur að visu nokkra umframgreiðslu, en þó aðra og minni, en verið hefir i raun og veru (tölul. 3.), eða hann telur umframgreiðslu á þeim lið, sem engin umframgreiðsla hefir verið á, heldur þvert á móti tekjuafgangur (tölul. 7.), eða hann telur greitt nákvæmtlega samkvæmt fjárveitingu, þótt tekjuafgangur hafi orðið jafnvel til muna (tölul. 4.). — Ennfremur lætur LR. þess ógetið, að landssjóður á inni hjá stofnuninni óeytt fje að reikningslokum, samkvæmt reikningi reikningshaldara.

Það liggur í augum uppi, að slik greinagjörð sem þessi fyrir kostnaði við ýmsar stofnanir, sem birtist í LR., gefur alls óábyggilegar og rangar hugmyndir um hina sjer stöku kostnaðarliði við stofnanirnar. Alþingi hefir að jafnaði ekki aðrar skýrslur í hönd-

um um kostnaðarliðina, en þá, sem í LR. birtast og styðst við þá um nýjar fjárveitingar til stofnananna, en þar sem sundurliðunin er svona villandi, þá verður afleiðingin sú, að sundurliðunin í fjárlögnum úreldist og verður æ fjarlægari því að sniðast eftir þörf stofnananna, í stað þess, að reynslan ætti að leiðbeina í þessu efni svo að laga mætti fjárhæðir fjárveitingaliðanna eftir því, sem fram hefir komið, að rjettast væri og nauðsyn krefði.

Það veldur og beint skakkri niðurstöðu um hag landssjóðs, er það kemur ekki fram í LR., þótt hann annaðhvort eigi nokkurt fje inni við stofnanirnar að reikningslokum, sem þrásinnis kemur fyrir, eða hann er þá i skuld við þær, sem einnig kemur fyrir, eins nú á sjer stað t. d. við Hvanneyrarskólann, samkvæmt reikningi skólastjóra, og nam sú fjárhæð við reikningslok 1917 kr. 900,61.

29.

#### 15. gr. Til vísinda, bókmenta og lista.

2. f. Þjóðskjalavörður getur þess, að honum hafi verið greiddar kr. 500,00 af fje, því, er safninu er ætlað til afritunar og ljósmynda af skjölum í útlendum söfnum, en gerir eigi grein fyrir því, hvernig fjenu hefir verið varið. Yfirskoðunarmenn óska eftir skilagrein.

30.

#### 15. gr. 3. c. og 21. Þjóðmenjasafnið.

Þjóðmenjavörður kveðst hafa eytt til gripa- og málverkakaupa kr. 3200,90, en þessir tveir liðir eru greindir að i fjárlögum og LR. og ber því að gera sjerstaka skilagrein fyrir hvoru um sig, enda koma málverkakaup til listasafnsins ekki við reikningum Þjóðmenjasafnsins.

31.

#### 15. gr. 4. Til aðgerðar á Þingvöllum.

Greiddar hafa verið kr. 2000,00 „til aðgerðar á Þingvöllum“ og hefir þó engin fjárveiting verið til þess ætluð. Skilagrein vantar fyrir því, hvernig fjárhæðinni hefir verið varið og óska yfirskoðunarmenn upplýsinga um það. Aukafjárveitingar skal leitað.

32.

#### 15. gr. 6. Landsbókasafnið.

|                        |                    |                       |
|------------------------|--------------------|-----------------------|
| a. Veittar kr. 3600,00 | Greitt kr. 4699,81 | Umframgr. kr. 1099,81 |
| c. — — 1000,00         | — — 2548,91        | — — 1548,91           |

33.

#### 15. gr. 17. Til að gefa út dómасаfn landsyfиррjetтар.

Veittar kr. 150,00; gr. kr. 1140,00. Umframgr. 990,00.

34.

#### 16. gr. Til verklegra fyrirtækja.

6. a. Laun handa tveim dýralæknum. Veittar kr. 2400,00; gr. kr. 3275,00. Umframgreiðsla kr. 875,00.

c. Til Hólmeigars Jenssonar. Veittar kr. 300,00; greiddar kr. 450,00. Umframgreiðsla kr. 150,00.

Hvernig stendur á þessum umframgreiðslum?

35.

#### 16. gr. 8. d. Til ljósa, eldneytis og ræstingar við efnarannsóknarstofuna.

Veittar kr. 500,00; gr. kr. 621,61. Umframgr. kr. 121,61.

11. b. Ferðakostnaður manns til leiðbeiningar um húsagerð til sveita: Veittar kr. 400,00; gr. kr. 646,00. Umframgr. kr. 246,00.

19. d. Ferðakostnaður til leiðbeiningar í ullanverkun: Veittar kr. 800,00; gr. kr. 1192,80. Umframgr. kr. 392,80.

37. Til mælingar á innsigling til Borgarness og Skógarness: Greiddar kr. 6024,15. Engin fjárveiting. Umframgr. því kr. 6024,15.

36.

#### 19. gr. Óviss útgjöld.

Veittar kr. 30000,00; gr. kr. 255025,25. Umframgr. kr. 225025,25.

37.

#### 19. gr. 52. Tjörness-náma.

LR. telur kostnað við rekstur Tjörnessnámu kr. 138231,97. Í fylgiskjali frá landsverkfraeðingi er kostnaður við námuna talinn kr. 153202,77, en þar frá dregst kaupverð námunnar kr. 16000,00, sem talið er í LR. 22. gr. D. 4. — Kostnaður er því samkvæmt fylgiskjali landsverkfraeðings að frádrégnu námaverðinu, kr. 137202,77 en það er kr. 1029,20 lægri fjárhæð, en LR. telur. Pessi mismunur stafar af því, að á reikningum landsverkfraeðings eru 1000 kr. taldar til frádráttar gjöldum við námuna, er sýslumaður Hvávatnssýslu hafði greitt fyrir kol, sem aldrei voru afhent honum, en krónur þessar voru

endurgreiddar sýslumanni og bar því ekki að telja þær með tekjum á þann hátt, sem gert er í reikningi landsverkfræðings. Ennfremur eru vantanin gjöld í reikningum egamálastjóra: kr. 4,25 fyrir uppskipun kola-sýnishorna til verzlunar Björns Kristjánssonar og kr. 24,95 í vátryggingargjald fyrir rekur til námunnar. Að öðru leyti ber reikningunum saman.

Reykjavík, 22. mars 1919.

**Benedikt Sveinsson.**

## Jörundur Brynjólfsson.

# Svör ráðherra

við

athugasemdum yfirskoðunarmanna Alþingis  
um landsreikninginn 1917.

Ind 681 varir að óf. Það var til að 681 óf. varir i mæri ófari til Þófi  
-síðanum til þá varit teknar með þófum um að ófari ófari og til  
-síðanum til þá varit teknar með ófari til ófari og til ófari

## I.

### Tekjubálkurinn.

#### 1.

#### 2. gr. 13.

Það er tekið fram í svörum við athugasemdum yfirskoðunarmanna við LR. 1916  
hver var ástæðan til dráttar á þessari greiðslu, og visast til þess.

#### 2.

#### 2. gr. 14.

Til svars þessari athugasemd visast til eftirfarandi brjefs póstmeistara, dags.  
29. mars þ. á.

„Með brjefi, dags. 27. þ. m., hefur hið háa stjórnarráð skýrt mjer frá, að yfir-  
skoðunarmenn Alþingis hafi meðal annars gjört svohljóðandi athugasemd:

„2. gr. 14. Pósttekjur. Hefir póstsjóður engar tekjur af kaupum og sölum á  
útlendri mynt.“

Þessari spurningu verð jeg auðvitað að svara neitandi.

Póstmenn verða að svara til pósttekjanna í krónum, og hvort þeir taka á móti  
erlendri mynt eða ekki verður að vera á þeirra ábyrgð. Þegar þeir hafa sent hingað  
erlenda mynt, þá hef jeg gjört hana afturreka hafi eigi getað fengist svo mikil verð  
fyrir hana, sem þeir hafa reiknað, annars hef jeg gert þeim skil fyrir hagnaðinum, þegar  
hann hefir verið nokkur.

Hjá mjer sjálfum er niðurstaðan tap, en jeg hef eigi álitið, að sá reikningur  
kæmi póstsjóði við eða að jeg gæti heimtað það endurgoldið úr póstsjóði, því að hvorki  
jeg nje aðrir póstmenn hafa skyldu til að taka við erlendri mynt, þótt það sje stundum  
gert í greiðaskyni“.

## 3.

## 2. gr. 15. Símatekjur.

Það er tekið fram í svari við 119. aths. við LR. 1916, að á árinu 1918 hafi því lagi verið komið á um greiðslur símatekna, að þær greiðist strax við lok hvers ársfjórðungs. Peirri reglu á að halda og virðast það sæmileg skil.

Að öðru leyti visast til eftirfarandi brjefs landsímastjóra, um greiðslur á árinu 1917, dags. 8. apríl þ. á.

„Athugasemum yfirskoðunarmanna alþingis við landssímareikningana 1917, sem stjórnarráðið hefir sent mjer til umsagnar með brjefi dags. 27. f. m., svarast þannig:

Viðvikjandi tregðu á greiðslu símatekna í landssjóð:

Tekjuafgangur er minni vetrar- en sumarárshelminginn, og veldur því hvortveggja, að tekjurnar eru minni og gjöldin (sjerstaklega til viðhalds simanna) meiri. Orsök til þess, að fyrsta innborgun símatekna í landssjóð hefir ekki farið fram fyr en í júnimánuði er sú, að i janúar- marsmán. var tekjuafgangurinn mjög litill. Viðskiftareikningar við bankana sýna, að til febrúarloka hafa aðeins verið innlagðar kr. 722,85 af tekjum 1917. Fyrsta teljandi upphæðin er lögð inn 16. apríl, kr. 12500,00 og því næst 4. maí, kr. 25000,00. 2. júní eru aftur útteknar kr. 16000,00 til starfræksluþarfa og símalagninga og í sama tilgangi kr. 10000,00 hinn 16. júní. Þær kr. 85000,00, sem hafa verið greiddar í landssjóð 23. júní, er því fje sem goldist hefir í júnimánuði. Eins og átti sjer stað á árinu 1916, kom það oft fyrir sumarið 1917, að tekjuafgangur af starfrækslunni var notaður til fyrirframgreiðslu vegna símalagninga, sökum þess að það var álítið koma í sama stað niður, hvort fjárhæðirnar væru greiddar í landssjóð og jafnskjótt beðið um útborgun þaðan aftur til að standast kostnað við símalagningar, eða hvort starfrækslan væri beinlinis látin leggja fram fje til þeirra til bráðabirgða.

Par eð athugasemdir endurskoðunarmanna landsreikninganna um trega greiðslu símafjár eru endurteknar hvert árið eftir annað, mun það verða skiljanlegt, að slikt hlýtur að verða þreytandi að lokum. Stjórnarráðinu mun einnig vera ljóst, að mjer getur ekki hlotist neinn hagur af því að draga greiðslurnar. Hinsvegar ber að sjálfsögðu að sjá um að ætið sje nægilegt fje fyrir hendi til að standast allan vanalegan reksturskostnað og til þess að greiða megi hvenær sem er alt sem nauðsynlegt er að útvega til starfrækslunnar. Einnig virðist mjer sjálfsagt, að ekkert geti verið því til fyrirstöðu að nota megi af starfrækslufje til fjárfamlaga vegna símalagninga, þegar svo á við.

Til þess að reyna framvegis að komast hjá athugasemnum um seinar greiðslur, slæma ávöxtun símafjár o. s. frv., er jeg fús á að liggja undir ihugun stjórnarráðsins hvort ekki væri rjettast að breyta fyrirkomulaginu, þannig að fjeð verði greitt beint í landssjóð, eða með öðrum orðum, að landsfjehirðir takist á hendur það sem nú er hlutverk bankanna. Fje frá stöðvum út um land yrði þá liklega, ef til kæmi, að senda póstleiðis til Reykjavíkur — ekki eins og hingað til gegn um banka — enn fremur yrði landsfjehirðir helst að færa sjerstakan sjóðreikning fyrir landsímann. Því yrði sem sje að vera þannig fyrirkomið, að hægt væri að taka aftur eftir þörfum af innborguðu fje hjá landsfjehirði, þegar starfrækslan þarfnaðist þess með, því rangt væri að geyma jafn-

mikið fje i sjóðum á stöðvunum og nauðsynlegt yrði, ef eigi væri hægt að fá aftur eitt-hvað af því sem búið er að greiða í landssjóðinn.

Slikt fyrirkomulag mundi að sjálfsögðu verða torvelt og óhentugt samanborið við bankaviðskifti, en samt sem áður virðist mjer það ákjósanlegra en að verða stöðugt að svara þessum sömu athugasemnum, sem eiga má visar á hverju ári.

Endurskoðendur hafa enn fremur bent á hverjar fjárhæðir af tekjum ársins 1917 sjeu (liklæga í apríl 1918) geymdar hjá landssimastjóra. Skil jeg það svo, að endurskoðendur hafi því aðeins vakið athygli á þessu, að þeim virðist rangt, að nokkurt fje frá fyrra ári sje í vörslum landsimastjóra eða að fjárhæðin sje of mikil. Viðvikjandi fyrst nefndri upphæð, kr. 38363,63, sem er mismunur á aðalreikningi ársins 1917, leyfi jeg mjer að visa til brjefs mins, dags. 8. janúar þ. á., þar sem svarað er samhljóða athugasemd endurskoðunarmanna fyrir árið 1916. Í nefndu brjefi minu. er greinilega útskýrt að örðugt er að ljúka aðalreikningi fyr en nokkrum mánuðum eftir áramót. Það skal játað, að reikningslokin fyrir árið 1917 hafa dregist nokkuð lengi og mun framvegis reynt að ljúka reikningunum hið allra fyrsta að mögulegt er. Útaf annari upphæðinni, kr. 12039,80, sem haldið var eftir af tekjum bæjarsíma Reykjavíkur og seinni athugasemd endurskoðenda um reikningsfærslu bæjarsíma Reykjavíkur yfirleitt, visast sömu-leiðis til svarts mins við samskonar athugasemdir fyrir 1916 í áðurnefndu brjefi, dags. 8. janúar s. l., og leyfi jeg mjer að halda fast við það, sem þar er tekið fram þessu viðvikjandi. Aðeins vil jeg bæta við, að það sannaðist, er jeg hafði gert ráð fyrir viðreikningsskil 1917, að tekjur ársins 1918 mundu verða minni en gjöldin. Árið 1918 var tekjuhalli af starfsrækslunni og nýlagningum samtals nál. 11900 kr. Hefði tekjuafgangur ársins 1917 ekki verið færður yfir á næsta árs reikning, mundi því hafa orðið óbjákvæmilegt að biðja um fje úr landssjóði, en á fjárlögunum 1918 var engin fjárveiting ætluð bæjarsíma Reykjavíkur.

Pær kr. 29422,09 af ritsimaláninu, sem færðar eru yfir á 1918, voru ekki penningar í sjóði, heldur mest megnus fyrirframgreiðslur, er snertu árið 1918.

Viðvikjandi því hvernig simafje hefir ávaxtast skal tekið fram: Það er ekki aðalskrifstofa landssímans sem innheimtir gjöld fyrir simskeyti og simtöl, heldur er það gert á hlutaðeigandi stöðvum. Þar sem banki er á staðnum, er fjeð svo jafnóðum lagt inn í banka. Sje innieign hlutaðeigandi gæzlustöðvar nokkur að ráði í lok mánaðarins, er hún send banka í Reykjavík og færð þar á viðskiftareikning aðalskrifstofunnar. Samkvænit þessu sýnir skráin frá aðalskrifstofunni ekki alla þá vexti sem inn hafa komið á árinu. Þetta mun einnig mega sjá af reikningum stöðvanna Reykjavík, Akureyri, Ísafjörður og Seyðisfjörður.

A árinu 1918 hafa vextir af simafje því alls verið kr. 2924,67, en ekki kr. 1210,32, eins og endurskoðendur gera ráð fyrir.

Vextir af innstæðu aðalskrifstofunnar kr. 1210,32

|       |                        |   |         |
|-------|------------------------|---|---------|
| — — — | Reykjavíkurstöðvar     | — | 669,49  |
| — — — | Akureyrar              | — | 88,65   |
| — — — | Seyðisfjarðar          | — | 43,52   |
| — — — | Ísafjarðar             | — | 34,22   |
| — — — | Bæjarsíma Rvk. 1916-17 | — | 878,47  |
|       | Samtals                | — | 2924,67 |

Eins og yfirlit þetta sýnir, hafa fengist tiltölulega litlir vextir á stöðvunum Akureyri, Seyðisfirði og Ísafirði. Ástæðan til þess er sú, eins og getið er hjer að framan, að greitt hefir verið af starfrækslutekjum til símalagninga, þegar svo hefir þótt hagfelt. Þegar unnið hefir verið að símalagningum, t. d. í grend við Akureyri, og hlutaðeigandi verkstjóri hefir þurft á peningum að halda, hefir stöðin á Akureyri verið látin leggja fram hina nauðsynlegu fjárhæð, í stað þess að senda peninga hjeðan, en öll skuldaskifti er af því leiða milli Akureyrar og aðalstarfrækslusjóðsins og hans aftur við lagningarsjóðinn, eru bókfærð hjer.“

## 4.

**2. gr. 17. Óvissar tekjur.**

Gjalddagi á leigu þessari er 31. des. ár hvert. Það hefði verið hægt eftir samningum að segja honum upp vegna greiðsludráttar, en það hefir ekki verið gert.

## 5.

**2. gr. 18. Verðhækkunartollur.**

Hinn umræddi mismunur stafar af því, að sýslumaður ávisaði upp í toll þenna, endurgjaldi fyrir simakostnað 1917, en í simareikningi hans voru aftalar kr.: 1,30, sem voru dregnar frá greiðslunni til ríkisfjehirðis; sýslumaður hefir aftur á móti talið pessar kr. 1,30 í reikningi sinum.

## 6.

**3. gr. 1. Tekjur af fasteignum.**

Námuðjelag Íslands hafði á leigu 12 námureiti í Þormóðsdal, fyrir 50 kr. gjald á ári hvern reit. Á árinu 1916 var goldið fyrir 2 reiti, og voru því eftirstöðvar það ár kr. 500,00. Á árinu 1917 var engin leiga greidd, svo að eftirstöðvarnar voru í árslok 1917 kr. 1100,00, eins og LR. telur. Í svörunum við aths. við LR. 1916 var það tekið fram hvers vegna eigi var hægt að innheimta þær 500 kr., sem þá stóðu eftir, sem sje af því, að lögtak var fyrirsjáanlega árangurslaust, og virðist því óþarfst að spyrja um það aftur. Hið sama er um eftirstöðvarnar frá 1917. Að sjálfsögðu missir leigutaki rjett sinn vegna vanefnda þessara.

## 7.

**3. gr. 1. Tekjur af fasteignum.**

Visast til svars við 1. aths.

8.

### 3. gr. 1. Tekjur af fasteignum.

Reikningur umboðsmanns oftetur greiðslur til ríkisfjehirðis nm kr.: 10,90. Þessi fjárhæð var greidd 1918.

9.

### 3. gr. 1. Tekjur af fasteignum.

Þessi umframgreiðsla hesir verið endurborguð af tekjum Vaðlaumboðs 1918.

10.

### 3. gr. 2.—4. Tekjur af kirkjum o. fl.

Eins og reikningur ríkisfjehirðis sýnir, hefir hann ekki tekið á móti nema kr.: 71,27 og liggar mismunurinn þess vegna í því, að reikningshaldari hefir sent 5 kr. minna en hann tilfærir í reikningi sinum.

## Gjaldabálkurinn.

12.

9. gr. 5. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður.

Aukafjárveitingar verður leitað fyrir kr.: 18578,86.

13.

9. gr. 6. Til Landbankans fyrir að gegna störfum landfógeta.

Sömuleiðis fyrir kr. 783,61.

14.

9. gr. 7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsínu.

Yfirskoðunarmenn vita það, að stjórnin ljet á árinu 1917 ráðast í aðgerð á stjórnarráðshúsínu og telja, að hún hefði átt að leita samþykki þingsins 1917 með því að fá aukafjárveitingu, en það hafi hún ógert látið.

Það er nú harla merkilegt, að yfirskoðunarmenn skuli ekki hafa fullvissað sig um, áður en þeir rituðu þetta, hvort um ekkert slikt samþykki eða fjárveitingu hefði verið að ræða 1917, því að ef þeir hefðu gert sjer það ómak mundu þeir hafa sjeð það í

fjáraukalögum 1916—1917, sem sett voru á Alþingi 1917, að 27000 kr. eru veittar til breytingar á stjórnarráðshúsínu, geymsluhúsi þess og geymsluskúr. Ávítur yfirskoðunarmanna í þessu efni eiga sjer því engan stað. Hinsvegar hefir verkið farið mjög fram úr áætlun og verður leitað aukafjárveitingar fyrir kr.: 61663,33 en eigi kr. 88663,33 eins og yfirskoðunarmenn vilja.

Af því að yfirskoðunarmenn rita langt mál um þessa viðgerð verður að geta þess, að þegar farið var að gera við húsið kom það i ljós, að bráðnauðsynlegt var að gera miklu meira við það, enn búist var við, er áætlunin var gerð. Þetta, samfara hækkuun á efni og vinnulaunum varð til þess, að aðgerðin fór svona mikið fram úr áætlun.

Pá vita yfirskoðunarmenn það og hversu mikið fje hefir verið greitt manni þeim sem umsjón hafði með aðgerðinni, en þess ber að gæta, að maður þessi var trúnaðarmaður stjórnarinnar um verk þetta og varð því eigi hjá komist að borga honum töluverðar fjárhæðir til greiðslu verkalauna o. fl., gegn því að hann afhenti kvittanir síðar. Þegar svo það kom i ljós, að reikningsfærslan var í ólagi var rannsókn hafin um málið í heild og er hún eigi á enda kljáð enn og sýnist því best við eiga að biða úrslita hennar.

## 15.

## 10. gr. 1. Kostnaður við Alþingi.

Það var ákveðið á Alþingi 1917, að ekki þyrfti að leita aukafjárveitingar fyrir umframgreiðslum til þingkostnaðar og hlýtur það því að koma undarlega fyrir, að yfirskoðunarmenn krefjast þess nú, að aukafjárveitingar sje leitað, enda sjer stjórnin eigi ástæðu til að verða við þeirri kröfum.

Yfirskoðunarmönnum hlýtur að vera það kunnugt, að stjórnarráðið hefir enga umsjón með reikningum Alþingis. Þeir reikningar eru gerðir af skrifstofustjóra Alþingis og forsetum og endurskoðaðir af yfirskoðunarmönnum, en alls ekki af hinni umboðslegu endurskoðun og eigi sendir stjórninni. Það sýnist því eigi rjett að beina til stjórnarráðsins athugasemdum við þá reikninga. Þeim sýnist eiga að beina til forseta Alþingis.

Um viðskiftin milli Alþingis og ríkisfjehirðis er það að segja, að fjehirðisstarfið er í þessu efni eigi annað en greiða það, sem forsetar þingsins ávisa, og safna þessum gjöldum saman í eina heild í reikningi sinum. Eftir reikningi hans er svo þingkostnaðurinn tekinn í LR. en auðvitað ekki eftir reikningi forseta Alþingis, sem aldrei er hingað sendur. Um það atriði, að reikningur fjehirðis um alþingiskostnaðinn er 2 kr. lægri en reikningur forseta Alþingis um sama kostnað er þess að geta, að þess er eigi að vænta, að stjórnarráðið fyndi þenna mun, þar sem það hafði aðeins með höndum reikning fjehirðis og var ókunnugt um hvað forsetar töldu Alþingiskostnaðinn. Nú hefir verið farið á ný gegnum báða reikningana, og hefir það komið i ljós, að þessi 2 kr. mismunur stafar af því, að ávisun fyrir þeirri fjárhæð, sein forsetar hafa gefið út, hefir aldrei verið sýnd fjehirði til greiðslu. Alþingiskostnaðurinn er því rjett tilfærður í LR.

Skrifstofustjóri Alþingis og ríkisfjehirðir höfðu komir sjer saman um samskonar bókfærslu á þessum kostnaði áður en aths. yfirskoðunarmanna bárust hingað og koma því þar að lútandi tillögur helst til seint.

Að því leyfi sem þessi aths. tekur til Alþingis hefir skrifstofustjóri þess svarað henni á þann hátt, sem hjer greinir í brjefi, dags. 10. apríl þ. á.

„Yfirskoðunarmenn Alþingis hafa í 15. athugasemd sinni við landsreikninginn fyrir árið 1917, er á við alþingiskostnað s. á., látið i ljós, að þeim „virðist“, að þær 116 kr., sem þar eru talðar í VI. útgjaldaslokki, 7. tölulið (sjá fylgiskjal III, D. 25), og greiddar hafi verið „fyrir matvöru“, eigi að draga frá alþingiskostnaðinum og endurgreiða landssjóði.

Pessar 116 kr. voru greiddar 6. júlí 1917 (sbr. Alþ. ávisun 149) fyrir sykur, hveiti, smjör o. fl., til þess að koma af stað kaffiveitingum í þinghúsinu, samkvæmt skriflegri ósk 34 þingmanna, með því að þá reyndist torsótt að koma veitingum þessum í framkvæmd. Þetta var þá af mjer skoðað sem bráðabirgðagreiðsla, enda minnir mig, að jeg ritaði með blýanti neðst á fylgiskjal III D. 25 „bráðabirgðagreiðsla“. En þar sem mjer skyldist, sem forsetar þingsins væru því ekki fráhverfis, að kona sú, ekkja Jónasar háskólavarðar Jónssonar, er tók að sjer veitingarnar, fengi, eftir beiðni hennar, þessar 116 kr. sem nokkuruskonar styrk til veitinganna, hef jeg ekki enn krafis hana um þær og því ekki endurgreitt þær í landssjóði.

Forsetar hafa, síðan þetta var, enga endilega ályktun gert um þessar 116 kr. Fyrir því verður hlutaðeigandi kona bráðlega krasin um þær og þær endurgreiddar í landssjóði. Verða svo þessar 116 kr., ásamt því, sem greit mun verða í landssjóð á yfirstandandi ári fyrir seld Alþingistiðindi, dregið frá aðalupphæð alþingiskostnaðar 1919.

Þetta leyfi jeg mjer hjer með að tjá hinu hāa stjórnarráði til þóknunlegrar athugunar“.

#### 16.

### 11. gr. B. Dómgæsla og lögreglustjórn.

Aukafjárveitingar verður leitað fyrir þeim fjárhæðum, er ræðir um í þessari aths. að undanleikinni hinni síðustu, því að á þeirri fjárveitingu hefir sparast 1916 meira en nemur umframgreiðslunni 1917.

Í fjárlagafrv. því, sem stjórnin leggur tyrir næsta Alþingi er fjárveitingin til síma-kostnaðar embæltismanna og til þjónustufrímerkjakaupa, hækkuð mikið.

Um umframgreiðslur yfirleitt verður að segja það, að hjá þeim hefir verið ómögulegt að komast, vegna hinnar afskaplegu breytingar á verðlagi, sem heimsstyrjöldin hefir valdið og er tilganglaust að saka stjórn og þing um að hafa eigi sjeð slikt fyrir, enda verður að hafa þeð í huga, að meðan vjer höfum 2 ára fjárhagstímabil verðum vjer að áætla svo langt fram í tímann, að ekki er hægt að búast við, að áætlanir reynist rjettar, jafnvel þótt eigi sje á hernaðartínum.

#### 17.

### 12. gr. Útgjöld við læknaskipunina.

Pað verður leitað aukafjárveitingar fyrir þeim fjárhæðum, sem ræðir um í þess-

ari aths., að undanteknum þeim 150 kr., sem ræðir um síðast í henni, með því að þær voru óeyddar af fjárveitingu ársins 1916.

18.

### 13. gr. A. Póstmál.

Aukafjárveitingar verður leitað fyrir þessum umframgreiðslum.

19.

### 13. gr. B. Vegamál.

Af þeim fjárhæðum, sem ræðir um í þessari athugasemd verður leitað aukafjárveitingar fyrir þessum:

|    |                                   |            |
|----|-----------------------------------|------------|
| a. | Til viðhalds flutningabrautum kr. | 3937,95    |
| b. | — Hróarstunguvegar                | — 1000,00  |
| c. | — áhalsa                          | — 65038,52 |

Um hinum umframgreiðslurnar er þess að geta, sem hjer segir:

- Umframgreiðslan til Grímsnesbrautar er svo litil, að ekki tekur því að leita aukafjárveitingar.
- Þær 1500 kr., sem notaðar hafa verið 1917 til vegar milli Hvitár og Ornólfssdalsá voru óeyddar frá árinu 1916, að undanskildum 22 kr. 86 au., sem ekki tekur að leita aukafjárveitingar fyrir.
- Á viðhaldi þjóðvega sparaðist meira 1916 en nemur umframgreiðslunni 1917.
- Hið sama er um fjallvegafje.
- Hið sama er um fjárveitinguna til akfærra sýsluvega.

Um athugasemd þessa skal að öðru leyti tekið fram:

- Til Eyjafjarðarbrautar var greitt 1917:
 

|   |
|---|
| a. Samkvæmt 13 gr. B. . . . . kr. 1848,24 |
| b. — fjáraukal. 1916—17 — 2767,88         |
| Kr. 4616,12                               |
- Fjárhæð þeirri, kr. 21080,61, sem yfirskoðunarmenn telja að vanti greinargerð fyrir, var varið til að kaupa áhöld til dýrtiðarvinnu, sprengiefni o. fl. og voru verkfæri þessi afhent vegamálastjóra til geymslu og sölu að því leyti, sem ekki þurfti að nota þau. Þær 4000 kr., sem endurgreiddar hafa verið eru fyrir sold verkfæri og síðan hefur tölувart verið selt, en mikið óselt enn. Reikningar fyrir verkfærin voru afhentir vegamálastjóra, til þess að hann gæti verðlagt þau, en að sjálfsögðu er yfirskoðunarmönnum heimilt að yfirskoða þá þegar þeim list.
- Fyrir því fje, sem varið var til Skagfirðingabrautar 1917 verður leitað aukafjárveitingar í aukafjárlögum 1918—1919, með því að ekkert af því fje, sem til þess gekk var greitt fyr en 1918.
- Fje það, sem varið var til afhendingar vega samkvæmt fjáraukalögum 1916—1917 sundurliðast þannig:

|                          |             |
|--------------------------|-------------|
| a. Til Reykjadalabrautar | kr. 7029,25 |
| b. — Eyjafjarðarbrautar  | — 2767,88   |
|                          | Kr. 9797,13 |

Til brúar á Ytri-Rangá var ekkert greitt 1917, en 1918 var greitt kr. 1499,43, sem leitað verður aukafjárveitingar fyrir.

## 20.

Hvorki til vegar á Öxarfjarðarheiði nje vegar á Reykjaheiði er greitt meira 1917 en LR. tilgreinir.

Til þess að ryðja vör við Ingólfshöfða og leggja veg að henni voru greiddar 1917 4000 kr. og 1918 614 kr. 46 au., sem leitað verður aukafjárveitingar fyrir.

## 21.

I athugasemd þessari viðhafa yfirskoðunarmenn stór orð, og er næsta merkilegt, að þeir skuli telja sjer fært að kveða þannig að orði um rjettan reikning, að hann sjé „meiri eða minni markleysa“. Eins og yfirskoðunarmennirnir taka sjálfsir fram í aths., er ástæðan til ósamræmisins milli LR. og reikninga vegamálastjóra sú, að hinir síðar-nefndu koma eigi fyr enn eptir að lokið var inn- og útborgunum ársins 1917. Af þessu var eigi hægt að ávisa vegamálastjóra af gjöldum ársins 1917, því sem vangoldið var og eigi hægt að taka við því sem endurgreiðslum, er ofborgað var. Pessar vangreiðslur og endurgreiðslur urðu því að koma á árið 1918, og að því er snertir vangreiðslurnar koma þær til aukafjárveitingar. Nú hefur vegamálastjóri talið í reikningum sínum einnig það, sem þannig var greitt á árinu 1918, af því að það var fyrir unnin verk á árinu 1917; það er því eigi von, að LR. og reikningum vegamálastjóra beri saman, því að hinn fyr-nefndi telur greiðslur tilheyrandí árinu 1917 en hinir síðarnefndu kostnað við framkvæmd vegamála á sama ári, hvort sem sá kostnaður var greiddur það ár eða 1918.

Eftir því sem yfiskoðunarmönnum farast orð, liggar næst að ætla, að þeir telji það rangt að taka aðeins upp í LR. 1917 þær greiðslur, sem farið hafa fram hjá ríkis-fjehirði eða erlendis tilheyrandi því ári, og vilji, að i hann sjeu teknar allar greiðslur, sem eiga rót sina að rekja til þess árs. En ætti þetta að vera svo hlyti LR. að koma mjög seint, enda hefir þetta aldrei verið haft svo og enginn sjóður eða verslun hefur slika aðferð, LR. er reikningur yfir tekjur og gjöld hvers árs og ekki annað meðan efnahagsreikningur fylgir ekki. Ummæli yfirkóðunarmanna um, að reikningurinn sje i „ósamræmi við veruleikann“ eiga sjer því engan stað, því að reikningurinn er að öllu leyti rjettur sem reikningur yfir tekjur og gjöld ársins 1917.

Um drátt þann sem varð af hálfu vegamálastjóra á afhendingu reikninga hans, er þess að geta, að stjórnarráðið á enga sök á honum, því öllum reikningshöldurum hefir verið kunnugt gert hvenær reikningar eiga að vera komnir.

Pá finna yfirkóðunarmenn og að því, að reikningar vegamálastjóra hafi eigi verið endurskoðaðir, er þeir fengu þá, en þar til er því að svara, að það er með öllu ómögulegt fyrir endurskoðunina að hafa lokið endurskoðun allra reikninga áður en byrjað er á samning LR. Samning LR. má eigi byrja síðar en í mai eða júní ár hvert og

ætti öllum að vera auðsætt, að þá er ómögulegt að hafa lokið endurskoðun allra reikninga fyrir næsta ár á undan, nema taka marga menn til að vinna að henni, en þá yrði að láta þá menn fara um það bil á miðju ári, því að þá væri ekkert handa þeim að vinna þar til næstu reikningar koma og mundi slikt fyrirkomulag varla reynast heppilegt. Það sjest og eigi, að starf yfirskoðunarmanna verði torveldara, þótt endurskoðun sje eigi lokið áður en LR. er saminn.

## 22.

Áður en aths. yfirskoðunarmanna bárust hingað hafði vegamálastjóri afhent hjer samskonar yfirlit og það, er ræðir um í þessari athugasemd.

## 23.

**13. gr. C. Til samgöngumála á sjó.**

Aukafjárveitingar verður leitað fyrir umframgreiðslunum í 2 fyrri liðum þessarar athugasemdar, en ekki 2 hinum síðari, því að meira en þeim nemur hefur sparast á sömu liðum 1916.

Umframgreiðslan til Faxaflóabáts stafar af því, að fjelag það, sem hjelt þá uppi ferðunum taldi sjer alls eigi fært að halda þeim uppi, nema gegn auknu tillagi, vegna hinnar geysilegu hækkanar á kolaverði, sem varð haustið 1917. og var því horfið að því ráði að auka styrkinn, þar sem eigi þótti fært að láta ferðirnar falla niður.

## 24.

**13. gr. D. Hraðskeyta- og talsimasamband.**

Aukafjárveitingar verður leitað fyrir umframgreiðslum þeim, er ræðir um í þessari athugasemd.

## 25.

**13. gr. D. Útgjöld bæjarsíma Reykjavíkur.**

Það virðist ekki ástæða til að taka þessi gjöld upp í frv. til fjáraukalaga. Því að Alþingi hlýtur að hafa gengið út frá, er það tók ekki tekjur bæjarsimans upp í fjárlög 1916—1917, að gjöld þessi ættu að greiðast af tekjunum, eins og gert hefur verið.

## 26.

**13. gr. E. Vitamál.**

Aukafjárveitingar verður leitað fyrir þeim umframgreiðslum, sem ræðir um í þessari athugasemd.

## 14. gr. B. Kenslumál.

Til ýmislegra gjalda kennaraskólans þarf eigi að leita aukafjárveitingar, því að meiri upphæð en nemur umframgreiðslunni 1917 sparaðist 1916.

Umframgreiðslan til styrks yfirsetukvenna er eigi nema 1970 kr., þar sem 1350 kr. voru veittar í þessu skyni í fjáraukalögnum 1916—1917. Fyrir þessum 1970 kr. verður leitað aukafjárveitingar.

Einnig voru í sömu fjáraukalögum veittar kr. 150,00 til ljósa, hita, ræstingar og húsaleigu fyrir sama skóla, svo að aukafjárveitingar þarf eigi.

Að öðru leyti verður aukafjárveitingar leitað fyrir umframgreiðslum þeim, er ræðir um í athugasemd þessari.

Fjárhæðin til að reisa barnaskóla utan kaupstaða var greidd samkvæmt aths. í fjárl. 1916—1917 við 14. gr. B. XII. 2., en samt hefir estir atvikum þótt rjettast að leita aukafjárveitingar fyrir henni.

Yfirlítt er þeirri reglu fylgt, að LR. telur það, sem greitt er úr ríkissjóði og telur það greitt á þeim liðum, sem það er ávisað á. Að reikningshaldarar færa fjárvéitingar milli liða eftir því sem þeim virðist nauðsynlegt, er ekki með samþykki stjórnarráðsins nema í örfla skifti. Slik færsla milli liða er eigi ný, því að yfirskoðunarmenn hafa oft kvartað yfir því áður. Yfirskoðunarmenn hljóta að geta getið því nærrí, að fyrir forstöðumann umræddra stofnana hefir á síðastliðnum árum eigi verið gott að komast hjá færslu milli liða, þar sem ýmislegt, sem fje hefir verið veilt til, svo sem kensluáhöld, hefir oft og einatt reynst ófáanlegt, en sumt margfaldað i verði svo sem ljósmeti og eldiviður. Þegar þannig stendur á virðist eigi nema eðlilegt, að fjárvéiting, sem eigi er hægt að nota eftir tilætlun sinni, sje notuð upp í önnur gjöld, sem ómögulegt er að komast hjá. Yfirskoðunarmenn virðast hafa gleymt hinum óvenjulegum timum, er þeir rituðu athugasemd síns.

Um eftirstöðvar hjá reikningshöldurum visast til svars við athugasemd 98, við LR. 1916, og yfir höfuð má segja um þessa aths., að hún er með öllu óþörf, því að aðalatriði hennar er fólgð í nefndri aths. við LR. 1916 og virðist svo sem yfirskoðunarmenn hefðu getað beðið úrskurðar Alþingis um þetta, eins og stjórnin hefir stungið upp á.

Áður en fjárlagafrumvörp eru samin er jafnan leitað ális allra forstöðumanna opinberra stofnana, um fjárvéitingar til þeirra. Pessar tillögur eru svo lagðar til grundvallar við samning frv. og síðan sendar fjárvéitinganefndum Alþingis. Það sem yfirskoðunarmenn segja um afleiðingar af því fýrirkomulagi sem nú er, er því alveg gripið úr lausu lofti.

## 15. gr. 2. f. Þjóðskjalasafnið.

Kvittanir fyrir því, að skjalavörður hafi greitt þessa upphæð frá sjer, eru fyrir hendi og yfirskoðunarmönnum að sjálfsögðu heimilt að sjá þær hjer hvenær sem þeir óska.

30.

**15. gr. 3. e. og 21. Þjóðmenjasafnið.**

Það hefir verið lagt fyrir þjóðmenjavörð að blanda eigi aftur saman þessum tveim fjárveitingum.

31.

**15. gr. 4. Til aðgerðar á Pingvöllum.**

Fyrir þessum 2000 kr. þarf eigi aukafjárveitingu með því að þessi fjárhæð var veitt á árinu 1916, en eigi notuð þá.

Upphæð þessi er geymd hjá vegamálastjóra, þar sem eigi var tiltækilegt að koma í framkvæmd aðgerð á Pingvöllum hvorki 1917 eða 1918.

32.

**15. gr. 6. Landsbókasafnið.**

Aukafjárveitingar verður leitað fyrir þessum umframgreiðslum.

33.

**15. gr. 17. Til að gefa út dómasafn landsyfírrjettar.**

Aukafjárveitingar verður einnig leitað fyrir þessari umframgreiðslu.

34.

**16. gr. Til verklegra fyrirtækja.**

6. a. Umframgreiðsla þessi er vegna laga nr. 61, 3. nóv. 1915 og þarf því eigi aukafjárveitingar.

6. c. Þessi umframgreiðsla er þannig tilkomin, að aðeins 150 kr. af þessari fjárveitingu var greitt 1916. Hjer er því engi umframgreiðsla á fjárhagstímabilinu og þarf því eigi aukafjárveitingar.

35.

**16. gr. Til verklegra fyrirtækja.**

Til að mæla innsigling til Borgarness og Skógarness voru veittar 1916 5000 kr. en þar af voru aðeins notaðar kr. 2257,33 það ár. Afgangurinn kr. 2742,67 dregst því frá greiðslunni 1917 og verða þá eftir kr. 3281,48, sem leitað verður aukafjárveitingar fyrir.

36.

**19. gr. Óviss útgjöld.**

Aukafjárveitingar verður leitað fyrir umframgreiðslunni.

37.

**19. gr. Tjörnesnáman.**

Þessi aths. er í raun og veru ekki við LR. heldur við einhvern reikning, sem yfiskoðunarmenn hafa fengið hjá vegamálastjóra en sá reikningur hefur ekki hingað komið. Eins og yfirskoðunarmenn taka fram er LR. rjettur og virðist því eigi þurfa frekara um það að ræða.

Fjármáladeild stjórnaráðsins 1. maí 1919.

Í fjarveru ráðherra

**Magnús Guðmundsson.**

**Gísli Ísleifsson.**